

Reykjavík, 3. febr. 1974.

Til fjármálaráðherra Halldórs E. Sigurðssonar
og endurskoðunarnefndar skattalaga
c/o Jón Sigurðsson, form.
(Afrit af bréfi þessu er sent öllum þingflokkunum).

Okkur undirrituðum hefur borist til eyrna, að í athugun séu
breytingar á nágildandi skattalöggjöf. T.d. sú breyting, að hluti
skattgreiðslna verði færður frá beinum sköttum til óbeinna (sbr.
kröfur verkalyðshreyfingarinnar).

Eins og yður er kunnungt, eru giftar konur á Íslandi ekki skatt-
greiðendur, heldur greiða eiginmenn þeirra skatt af helmingi tekna
þeirra. Ógiftar konur, t.d. með börn eða ekkjur njóta ekki þeirra
sömu fríðinda. Fólk, sem berst fyrir jöfnum réttindum karla og kvenna,
getur alls ekki sætt sig við slíka skipan mála. Þegar gerðar eru
breytingar á skattalöggjöf, t.d. slíkar sem áður hafa verið nefndar,
þykir okkur sjálfsagt og mjög aðkallandi, að um leið sé sú breyting
gerð, að giftum konum sé veittur sá sjálfsagði réttur að fá að taka
þátt í sameiginlegum kostnaði af rekstri þjóðfélagsins sem sjálfstædir
þjóðfélagsþegnar með fullan rétt og fullar skyldur.

Okkur er ljóst, að ýmsum erfiðleikum er bundið að gera slíka
breytingu, en við trúum því, að sé fullur vilji fyrir hendi og áhugi
á að leysa þettamál, þá sé það unnt og ekki erfiðara en önnur vandamál
í sambandi við skattalöggjöf.

Við viljum nefna hér þær leiðir, sem ræðdar hafa verið í okkar hópi.
Eitt er nauðsynlegt að okkar mati: Enginn munur skal gerður á skatt-
greiðslum eftir kynferði eða eftir því hvort um gift eða ógift fólk
er að ræða. Giftar konur fái skattskýrslu til útfyllingar jafnt sem
aðrir, sem komnir eru yfir 16 ára aldur. Síðan greiði hver einstakj-
ingur skatt aðeins af sínum eigin tekjum.

Þegar til álagningar kemur, vandast málið. Við viljum nefna hér
tvær tillögur að lausn þessa máls, sem hlutið hafa mestan hljómgrenn
hjá okkur. Önnur tillagan er þessi: Persónufrádráttur verði hinn sami
fyrir alla. Ómagafrádráttur skiptist milli hjóna. Persónuleg gjöld
teljist hjá hvoru fyrir sig. Gjöld og annar kostnaður af þinglýstum

eignum teljist hjá þeim, sem eignin er þinglýst á. (Athuga ber, að æskilegast hlýtur að teljast, að festi hjón kaup á fasteign (fasteignum) teljist þau bæði eigendur hennar. Sé þá skylt að þinglýsa eigninni á nöfn þeirra beggja.) Hafi maki engar tekjur skal flytja upphæð, sem svarar persónufrádrætti hans, helming ómagafrádráttar og helming annars frádráttar, sem hjónin sameiginlega eiga rétt á af tekjum, yfir á skýrslu hins. (Þess ber að geta, að við teljum eðlilegt að stefna að því, að pannig tilfærsla á persónufrádrætti eigi því aðeins rétt á sér, að annað hjóna sé heima vegna umönnunar barna. Hins vegar teljum við, að slíkt sé ekki tímabært vegna núverandi aðstæðna.)

Verði giftar konur teknar sem einstaklingar með fullan einstaklingsfrádrátt við núverandi fyrirkomulag er ljóst, að skattaálag hjóna, sem bæði vinna úti, verður miklu meira en nú er, og hætt er við, að slíkt valdi svo mikilli óánægju meðal landsmanna, að ekki sé gerlegt að gera þær ráðstafanir, nema fleira komi til. Við látum okkur detta í hug, að barnafrádráttur og frádráttur vegna kostnaðar við barnagæslu (sem gilda mundu um alla, sem hafa börn á framfæri sínu) eða launþegafrádráttur gæti komið í staðinn fyrir það skattleysi af helmingi tekna eiginkonunnar, sem nú er reglan.

Hin tillagan er sú, að skattur verði ákveðin hlutfallstala af tekjum allra skattgreiðenda í sama formi og útsvar er nú og jafnfram verði flestir frádráttarliðir felldir niður (atriði sem þarfnaðar nánari athugunar og útreikninga). Slíkt fyrirkomulag hlýtur að gera skattkerfið einfaldara og auðskildara almenningu. Einnig hlýtur það að vera mun kostnaðarminna og mundi það vega á móti auknum kostnaði vegna fleiri skattgreiðenda, þegar giftar konur bætast í hópinn.

Það form, sem nú ríkir, að eiginmenn greiði skatt af helmingi tekna eiginkvenna sinna er algert hallærисástand að okkar mati og tálmi í vegi fyrir því, að konur öðlist sjálfstraust og virðingu í þjóðféluginu sem fullgildir þjóðfélagsþegnar.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd starfshóps Rauðsokka um skattamál,

Gerður G. Óskarsdóttir
Grænutungu 7, Kópavogi.